

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 224/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/238 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið óvótransferrín með tilliti til hámarksgildis leifa ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 0238**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/238 frá 8. febrúar 2019 (Stjtið. ESB L 39, 11.2.2019, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/238, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 39, 11.2.2019, bls. 4.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING